



90 TILLÖGUR
AÐ BÆTTRI SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

90 TILLÖGUR
AÐ BÆTTRI SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

RITSTJÓRN:
Finnur Oddsson
Frosti Ólafsson
Haraldur I. Birgisson

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
KRINGLAN 7
103 REYKJAVÍK
ÍSLAND

SEPTEMBER 2007

©VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS 2007
ISBN: 978-9979-9795-3-1

RIT PETTA MÁ AFRITA MEÐ
LEYFI VIÐSKIPTARÁÐS
ÍSLANDS

ÁVARP FORMANNS VIÐSKIPTARÁÐS

Nú eru 90 ár liðin síðan stofnendur Viðskiptaráðs Íslands voru samankomnir á fulltrúafundi verslunarstéttarinnar, sem haldinn var í KFUM-húsinu við Amtmannsstíg í Reykjavík. Á þessum fundi var einróma samþykkt að stofna fulltrúanefnd fyrir verslun, iðnað og siglingar, er nefndist Verzlunarráð Íslands. Stofnendur ráðsins voru frumherjar íslensks atvinnulífs og saga ráðsins er frá fyrstu tíð samofin nýsköpun og framförum í atvinnu- og viðskiptamálum landsins. Frá þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og hefur ráðið markað djúp spor í viðskiptasöguna.

Í dag heitir gamla Verzlunarráðið Viðskiptaráð, en sú breyting var gerð til að endurspegla þann breiða og fjölbreytilega félagagrunn sem ráðið byggir á.

Megintilgangur Viðskiptaráðs er, og hefur ávallt verið, að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Hagsmuna ber að gæta gagnvart stjórnvöldum, gagnvart samfélaginu í heild og nú í síauknum mæli gagnvart erlendum aðilum. Framrás íslensks viðskiptalífs hefur gjörbreytt þeim aðstæðum sem við búum við og nú er svo komið að hagkerfið er orðið afar samþætt alþjóðamörkuðum.

Það er ekki síður hlutverk Viðskiptaráðs að efla skilning almennings á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmörkun opinberra afskipta, hagfellds skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands. Viðskiptaráð hefur rutt veginn á þeirri framfarabraut sem Ísland hefur fetað og mun halda áfram að ryðja brautina til frekari landvinninga. Í starfi sínu hefur ráðið ávallt haft það að leiðarljósi, að viðskiptalífinu sé best borgið með frjálsri samkeppni, og þannig fái kostir einkaframtafsins að njóta sín.

Viðskiptaráð berst fyrir málum er varða viðskiptalífið allt, ekki þröngum hagsmunum fáeinna fyrirtækja. Markmið ráðsins er að efla og styrkja íslensk viðskipti svo koma megi Íslandi á efsta pall í alþjóðasamkeppni. Þannig aukum við efnisleg og samfélagsleg gæði sem koma til skipta í þjóðfélaginu, öllum landsmönnum til heilla. Í því felst styrkur Viðskiptaráðs.

Ráðið hefur alla tíð verið uppspretta nýrra hugmynda. Jarðvegur fyrir þessar hugmyndir hefur verið misfrjósamur en til lengri tíma hefur árangur verið ótvíræður. Þannig hefur ráðið stuðlað að framförum í viðskiptalífinu í 90 ár, bæði með beinum og óbeinum hætti. Það má tvímælalaust rekja mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands.

Þannig hefðu menn talið margar af þeim hugmyndum sem ráðið hefur sett fram í gegnum tíðina fráleitar. Í dag eru flestar þeirra komnar til framkvæmda. Þetta er braut sem við viljum halda okkur á. Allir geta verið sammála um að sá árangur sem náðst hefur í íslenskum viðskiptum undanfarin ár gefur tilefni til að halda áfram. Stjórnvöld eiga að einbeita sér að því að styðja framfarir í íslensku viðskiptalífi með hagfelldu lagaumhverfi, lágmörkun ríkisrekstrar og samkeppnishæfu skattaumhverfi. Þetta eru lykilbreytur til áframhaldandi uppgangs.

Viðskiptaráð hefur í tilefni af 90 ára afmæli sínu tekið saman lista yfir 90 tillögur sem miða að því að bæta samkeppnishæfni, viðskiptaumhverfi og framtíðarhorfur Íslands. Með slíkum tillögulista vonast ráðið til að skapa frjósaman jarðveg fyrir þá vinnu sem framundan er og hafa stefnumótandi áhrif á verkefni stjórnvalda.

Tillögunum hefur verið skipt í 9 málaflokka sem hver inniheldur um 10 tillögur. Þar sem Viðskiptaráð hefur ávallt reynt að endurspeglar rödd viðskiptalífsins var leitað til álitsgjafa við undirbúning þessarar vinnu. Í þeim hópi eru áhrifamiklir einstaklingar úr íslensku viðskiptalífi og sérfræðingar, tengdir viðkomandi málaflokki. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir framlagið.

Ásamt tillögunum hefur verið tekið saman stutt ágrip af sögu Viðskiptaráðs, formannatala og þátttaka ráðsins í uppbyggingu menntunar kynnt. Það er von okkar og vænting að tillögurnar nýtist sem gagnlegt innlegg í þá vinnu sem framundan er hjá ríkisstjórn landsins.

Það er von mín að Viðskiptaráð Íslands muni halda áfram starfi sínu um ókomna tíð. Níutíu ár eru stuttur tími þegar hlutir eru settir í víðara samhengi en spannar þó mikinn hluta viðskiptasögu Íslendinga. Uppbygging samkeppnishæfs hagkerfis með hagfelldu skatta- og viðskiptaumhverfi mun alltaf vera lykilatriði til frekari framfara og aukinna lífsgæða. Þar leikur Viðskiptaráð Íslands lykilhlutverk.

Til hamingju með afmælið.

Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs Íslands.



Erlendur Hjaltason er núverandi formaður Viðskiptaráðs, en hann tók við embætti árið 2006. Erlendur fæddist 21. nóvember 1957. Hann er sonur Hjalta Geirs Kristjánssonar fyrrum formanns ráðsins. Hann hefur verið forstjóri Exista frá árinu 2004. Erlendur starfaði hjá Eimskip um árabil, meðal annars við að byggja upp starfsemi félagsins erlendis sem framkvæmdastjóri utanlandssviðs. Hann var framkvæmdastjóri Eimskipafélags Íslands frá árinu 2002 til 2004. Mikið hefur drifið á daga ráðsins á þeim tíma sem Erlendur hefur gegnt formennsku. Eftir hræringar á fjármálamörkuðum á vormánuðum 2006 tók Viðskiptaráð forystuhlutverk í að byggja upp trúverðugleika og ímynd íslensks fjármálamarkaðar. Með útgáfu skýrslna og öflugu kynningarstarfi erlendis lagði ráðið lóð á vogarskálar og skilaði sú vinna sér mjög vel. Æviágrip allra fyrrum formanna ráðsins má lesa í þessari skýrslu.

INNGANGUR

Afmælistillögum Viðskiptaráðs Íslands er ætlað að vera nýrri ríkisstjórn gott veganesti í því starfi sem framundan er. Leiðarvísir til framfara, umbóta og árangurs. Það er ekki auðvelt verkefni að stýra heilu hagkerfi. Það er þó von Viðskiptaráðs að þær tillögur sem hér eru lagðar fram geri verkið að einhverju leyti auðveldara.

Skýrsluna má einnig líta á sem stefnuskrá ráðsins. Þær 90 tillögur sem hér eru kynntar eru allar til þess fallnar að styrkja samkeppnishæfni og viðskiptaumhverfi Íslands. Því er ljóst að ráðið mun leggja sitt af mörkum til að sem flestar af tillögunum komi til framkvæmda.

Fyrir Viðskiptaþing 2006 gaf ráðið út skýrslu er nefndist Ísland 2015. Í skýrslunni var fjallað um almenn tækifæri til framfara í viðskiptaumhverfi og stjórnarfari, en auk þess voru kynntar hugmyndir Viðskiptaráðs um ýmis samfélagsmál. Afmælistillögur Viðskiptaráðs ríma því vel við efnið sem kynnt var í þeirri skýrslu. Munurinn er fyrst og fremst sá að hér eru eingöngu lagðar fram tillögur til stjórnvalda, en ekki annarra þátttakenda hagkerfisins. Þannig er það á færi nýrrar ríkisstjórnar að hrinda öllum 90 tillögum Viðskiptaráðs til framkvæmda, sé viljinn fyrir hendi.

Það er ljóst að margar tillagnanna eru afar fjölþættar og krefjast frekari útskýringa og röksemdafærslu en birtist í þessu riti. Þetta er viljandi gert þar sem Viðskiptaráð mun fylgja þeim eftir með frekari umræðu og útgáfu í tengslum við punktana.

Tillögunum hefur verið skipt upp í níu málaflokka. Í hverjum flokki eru sjö til fjórtán tillögur. Samanlagt eru þær því 90 talsins, ein fyrir hvert starfsár Viðskiptaráðs. Tillögurnar eru lagðar fram á punktaformi, en með því er ætlunin að gera þær beinskeyttari og þægilegri yfirferðar. Að auki fylgir hverjum málaflokki stuttur inngangskafli þar sem vissum tillögum eru gerð nánari skil. Enginn einn málaflokkur vegur þyngra en annar, enda þurfa allar stoðir hagkerfisins að vera sterkar eigi það að ná að verða eins öflugt og mögulegt er.



90 TILLÖGUR AÐ BÆTTRI SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

Málefnaflokkar

Stefna og langtímamarkmið
Stjórnsýsla
Skattaumhverfi
Fjármál hins opinbera
Vinnumarkaður og lífeyrismál
Viðskiptaumhverfi og fjármálaþjónusta
Mennta- og heilbrigðismál
Atvinnumál
Lágmörkun ríkisrekstrar
Utanríkismál

STEFNA OG LANGTÍMAMARKMIÐ

Til að hagkerfi og samfélag blómstri er mikilvægt að móta stefnu og taka ákvarðanir með langtímahugsmuni í huga. Ljóst er að margar þær breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi undanfarinn áratug munu ekki eingöngu skila sér til þeirra sem nú byggja landið, heldur einnig til komandi kynslóða. Má þar nefna þætti eins og aukði frjálsræði í viðskiptum, bætt atvinnuumhverfi, minni opinber afskipti, uppbyggingu lífeyrissjóðakerfis, miklar framfarir á sviði menntamála og alþjóðavæðingu fyrirtækja og samfélags.

Í einhverjum tilfellum er þó ljóst að skammtímahagsmunir hafa ráðið meiru en æskilegt er. Slíkt er eðlileg afleiðing þess stjórnkerfis sem við búum við, enda erfitt að sýna fram á áþreifanlegan árangur af langtímaverkefnum innan fjögurra ára. Í þessu samhengi verða stjórnvöld að treysta á skynsemi kjósenda auk þess að vinna markvisst að kynningu á þeim sóknarfærum sem felast í langtímastefnumörkun.

Með öfluga ríkisstjórn sem býr yfir stórum þingmeirihluta gefst nú afbragðs tækifæri til að láta að sér kveða í mikilvægum málafnum. Þetta á ekki síst við um langtímaverkefni. Viðskiptaráð hvetur því stjórnvöld til að færa sér þetta í nyt og setja metnaðarfull og skynsamleg markmið sem miða í öllum tilfellum að því að ná hámarksárangri til lengri tíma.

Ein af helstu ástæðum þess að horfa ber lengra en eitt kjörtímabil fram í tímann í allri ákvarðanatöku hefur með framtíðarkynslóðir landsins að gera. Það er skýr réttur þeirra að ekki sé gengið á auðlindir né fjármagn. Ábyrg efnahagsstjórn, samræmd og markviss uppbygging á ímynd landsins og virðing fyrir náttúruauðlindum vega þungt í þessu samhengi.

Afnám allra tolla og viðskiptahindrana ásamt einföldu og hagfelldu skattaumhverfi myndi fleyta íslensku viðskiptaumhverfi í fremstu röð hvað varðar gagnsæi og skilvirkni. Í stað þess að bíða seinvirkra alþjóðlegra samningaviðræðna er heillavænlegra að taka frumkvæði í tollamálum og fjarlægja allar núverandi hindranir. Í stað þess að halda uppi vörnum fyrir einstakar atvinnugreinar með tollum og höftum ættu Íslendingar að einbeita sér að þeim sviðum þar sem þeir geta skapað sér alþjóðlegt samkeppnisforskot.

Alþjóðavæðing íslensks hagkerfis hefur verið hröð og mikil. Landið er nú þátttakandi á markaði sem er margfalt stærri en hagkerfið í heild, með þeim miklu tækifærum og ógnunum sem því fylgja. Tækifærin hafa verið vel nýtt og stjórnendur íslenskra fyrirtæki verið útsjónarsamir að færa sér þessa þróun í nyt. Í kjölfar meiri alþjóðavæðingar er mikilvægt að byggja upp ímynd landsins erlendis og styrkja þannig stöðu Íslands á ört vaxandi alþjóðamörkuðum enn frekar.

Ísland er þrjúhundruðþúsund manna þjóð. Landið hefur þrátt fyrir fámennið yfir miklum mannauði að ráða. Náttúruauðlindir eru hér umtalsverðar og dugnaður, kraftur og hugrekki eru hluti af þjóðarsálinni. Kraftur einkaframtaksins er mikill hérlandis eins og síðustu ár hafa glögglega sýnt. Fámenni þjóðarinnar býður upp á sveigjanleika, nálægð og skilvirkni langt umfram það sem gerist í flestum öðrum löndum. Við eigum að nýta þessar stöðir og setja okkur háleit markmið. Ísland á að skipa sér í fremstu röð á sem flestum sviðum. Þannig leggur Viðskiptaráð til að stjórnvöld setji sem eitt af sínum meginmarkmiðum að Ísland verði samkeppnishæfasta hagkerfi heims. Öll verkfærin eru til staðar. Það eina sem stjórnvöld þurfa að gera er að tryggja íslensku atvinnulífi frjósaman jarðveg, þannig að hagkerfið blómstri. Takist það munum við öll uppskera eftir því.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Skýr langtímastefnumótun eigi sér stað og verkefnalisti stjórnvalda verði aðgengilegur**
-  **Ísland verði gert að samkeppnishæfasta hagkerfi heims**
-  **Samræmd og markviss uppbygging á ímynd Íslands verði forgangsmál**
-  **Samfélagið byggi á jöfnum tækifærum fremur en jöfnuði**
-  **Aldrei sé gengið á auðlindir og fjármagn þannig að komandi kynslóðir beri skarðan hlut frá borði**
-  **Hagkerfið verði án allra tolla og annarra viðskiptahindrana**
-  **Stjórnvöld geri aldrei upp á milli atvinnugreina**
-  **Atvinnulífi og einstaklingum verði treyst fyrir sem flestum verkefnum**
-  **Skýr stefna verði mótuð í evrópumálum**

STJÓRNSÝSLA

Einfaldleiki og skilvirkni stjórnsýslunnar auk aðhalds í ríkisrekstri eru mikilvæg markmið. Líkt og í almennum fyrirtækjum er brýnt að æðstu ráðamenn sýni ráðdeild og kostnaðarvitund, öðrum til fyrirmyndar. Vel þekkt orðatiltæki í íslensku segir að eftir höfðinu dansi limirnir. Innan stjórnsýslunnar eru gríðarlegir möguleikar til niðurskurðar og hagræðingar enda er Ísland lítið land sem ætti ekki að þurfa jafn mikla yfirbyggingu og raun ber vitni.

Viðskiptaráð hefur áður bent á möguleika til fækkunar ráðuneyta. Á Íslandi eru fjórtán ráðuneyti starfandi og ráðherrar eru tólf. Tveir ráðherrar fara með tvö ráðuneyti, annars vegar Geir H. Haarde sem er forsætisráðherra og hagstofuráðherra og hins vegar Einar K. Guðfinnsson sem er landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Samkvæmt áætlun Viðskiptaráðs frá árinu 2006 störfuðu um 0,5% af heildarvinnuafli landsins hjá ráðuneytum og þá eru undirstofnanir ekki taldar með. Þetta hlutfall er of hátt.

Tillögur Viðskiptaráðs hafa miðað að því að sameina félags-, trygginga- og heilbrigðismál í eitt ráðuneyti velferðarmála, sameina Hagstofu Íslands, fjármála- og viðskiptaráðuneyti undir hatt fjármálaráðuneytis og sameina landbúnaðar-, sjávarútvegs-, samgöngu-, umhverfis- og iðnaðarráðuneyti í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Forsætis-, dóms- og kirkjumála, menntamála- og utanríkisráðuneyti stæðu óbreytt.

Kostir við fækkun ráðuneyta eru fjölmargir. Til viðbótar við kostnaðarhagræði sökum minni yfirbyggingar og færri starfsmanna myndi slíkt fordæmi vera öðrum hvatning til umbóta. Þessu til viðbótar myndi fækkun ráðuneyta fjölga óbreyttum þingmönnum og væri því einnig hægt að fækka þingmönnum. Samfara má gera ráð fyrir að nefndum alþingis myndi fækka sem auðveldar enn frekar að fækka þingmönnum.

1 1

Það er ekki einungis á efsta þrepi stigans í stjórnsýslunni sem svigrúm er til umbóta. Það er augljóst af útgjaldaaukningu hins opinbera að tilhneiging hefur verið til stækkunar og fjölgunar fremur en smækkunar og fækkunar innan ríkisarmsins. Viðskiptaráð telur mikið svigrúm til að fækka ríkisstofnunum og hvetur nýja ríkisstjórn eindregið til að taka þennan málaflokk til gagngerar endurskoðunar. Þar á ekki eingöngu að leita eftir möguleikum til að hagræða og sameina, heldur þurfa stjórnvöld að leggja niður stofnanir sem hafa óljóst, úrelt eða óþarft hlutverk.

Fyrir um áratug var skipað nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Þörf fyrir breytingar var mikil, enda gríðarlegt misræmi í fjölda kjósenda að baki hverjum þingmanni eftir kjördæmum. Þannig hefðu kjósendur á bak við hvern þingmann í gamla Vestfjarðarkjördæmi verið 1.197 á móti 4.254 á Reykjanesi árið 1997. En betur má ef duga skal. Í Alþingiskosningum árið 2007 voru aðeins 2.347 kjósendur að baki hverju þingsæti í Norðvesturkjördæmi en um 4.549 að baki hverju þingsæti í Suðvesturkjördæmi.

Að sama skapi er ljóst að fyrirkomulag jöfnunarþingmanna gerir kerfið torskilið og getur orðið þess valdandi að skekkja þingmannaskiptingu innan kjördæma verulega. Þannig fékk Samfylking fimm menn kosna á þing í Reykjavíkurkjördæmi norður í Alþingiskosningunum 2007 en aðeins þrjá þingmenn í Reykjavíkurkjördæmi suður þrátt fyrir að aðeins munaði 0,2% í atkvæðamagni flokksins milli kjördæma. Í fulltrúalýðræði er eðlilegt að Alþingi endurspegli þversnið þjóðarinnar og því ættu atkvæði á bak við hvern þingmann að vera jafnari en við núverandi fyrirkomulag.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Ráðuneytum verði fækkað í sjö**
-  **Alþingismönnum verði fækkað um þriðjung**
-  **Kannaðir verði möguleikar á breyttu starfsfyrirkomulagi Alþingis**
-  **Opinberum stofnunum verði fækkað umtalsvert**
-  **Trúfélög verði ekki á opinberum framlögum**
-  **Kosningafyrirkomulag verði endurskoðað**
-  **Tillögum um einfaldara Ísland verði hrint í framkvæmd sem fyrst**
-  **Útpensluhneigð opinberra stofnana verði stöðvuð**

SKATTAUMHVERFI

Viðskiptaráð leggur til að settur verði flatur skattur með almennum lágum skatti. Þannig verði tekjuskattur einstaklinga, fyrirtækja og virðisaukaskattur samræmdur. Skynsamlegast væri að halda fjármagnstekjuskatti óbreyttum. Á sama tíma ætti að fella niður alla sértæka skatta. Með þessum breytingum væri skattkerfið gert gagnsærra, einfaldara og skilvirkara sem væri þjóðfélaginu öllu hvatning til aukinnar framleiðni. Ennfremur myndu slíkar breytingar tvímælalaust styðja við hugmyndir sem fram hafa komið um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Íslensk stjórnvöld þurfa að leita leiða til að ná samkeppnisforski á aðrar þjóðir, en einfalt og skilvirkt skattkerfi er stórt skref í þá átt.

Þar sem líklegt er að slík grundvallarbreyting á skattkerfinu taki nokkurn tíma í undirbúningi telur Viðskiptaráð skynsamlegt að ráðast í einfaldar skattalækkanir þar til flötu skattkerfi verður komið á. Lækka ætti tekjuskatt fyrirtækja niður í 10%. Með slíkri skattalækkun má gera ráð fyrir að fyrirtæki sæju sér frekar hag í að setjast hér að og skattstofninn myndi breikka samkvæmt því. Jafnframt myndu íslensk fyrirtæki blómstra og skattskil batna, en allir þessir áhrifaþættir myndu vinna gegn samdrætti í skatttekjum ríkisins.

Ennfremur ætti að lækka tekjuskatt almennings niður í um 17%. Slík breyting myndi draga úr þrýstingi á launahækkunir, enda eru skattalækkunir bestu kjarabæturnar. Reynsla síðustu ára hefur sýnt að skattalækkunir hafa ekki dregið úr skatttekjum. Lægra skatthlutfall ýtir undir örari vöxt og aukna framleiðni. Að sama skapi er mikilvægt að taka tillit til þess að laun eru ekki föst stærð. Með auknum vexti og framleiðslu munu laun hækka, og þau hækka enn frekar ef lág skattbyrði skapar hvata til að vinna nokkrum tímum lengur á mánuði.

Með afnámi lágmarksútsvars sveitarfélaga er þeim gefinn kostur á að keppa innbyrðis um íbúa, bjóða upp á mismunandi þjónustuframboð og hagræða ef til þarf. Slíkt umhverfi skapar mikilvægt aðhald í rekstri og leiðir til þeirrar nýsköpunar sem fylgir samkeppni. Fyrirkomulag af þessu tagi hefur gefið afar góða raun í Sviss þar sem kantonur hafa mikið svigrúm til að skapa mismunandi skattaumhverfi og þjónustuframboð.

Viðskiptaráð telur afar brýnt að allir skattar sem teljast tvísköttun verði afnumdir. Þannig ætti söluhagnaður fyrirtækja af hlutabréfum að vera færður undir sama hatt og arðgreiðslur, erfðafjárskattur ætti að vera felldur niður og afdráttarskattar afnumdir. Það kann að hljóma undarlega, en enginn raunverulegur eðlismunur er á hagnaði vegna sölu hlutabréfa og arðgreiðslum. Verðmæti hlutabréfa ræðst af þeim arðgreiðslum sem markaðurinn telur að viðkomandi fyrirtæki komi til með að skila. Hækkun á hlutabréfaverði endurspeglar því hærri arðgreiðslur í framtíðinni. Með því að skattleggja söluhagnað er því verið að skattleggja fé sem síðar greiðist út í formi arðs og verður þá skattlagt öðru sinni. Söluhagnaður fyrirtækja af hlutabréfum er víðast ekki skattlagður í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og því enn mikilvægara að gera bragarbót þar á ætli ríkisstjórn Íslands ekki að missa fyrirtæki úr landi.

Íslendingar hafa tækifæri sem ekki mörgum þjóðum býðst. Mögulegt er að lækka skatta umtalsvert með tiltölulega lítilli áhættu. Traust staða ríkissjóðs gefur okkur færi á að brúa þá skammtíma tekjuskerðingu sem mögulega ætti sér stað. Þróun síðustu ára hefur sýnt fram á tækifærin sem felast í lækkun skattheimtu og þau eru síður en svo fullnýtt. Með því að standa í fremstu röð hvað viðskipta- og skattaumhverfi varðar væri Ísland að nýta möguleika sína enn frekar. Landið væri ekki eingöngu hagfelld staðsetning fyrir innlend fyrirtæki heldur myndu erlend fyrirtæki sækja í auknum mæli til landsins með tilheyrandi skatttekjum. Þannig væri langtímaábatinn af slíkri breytingu afar mikill, öllum til hagsbóta.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Flötu skattkerfi verði komið á**
-  **Þar til flötu skattkerfi verður komið á verði tekjuskattur fyrirtækja lækkaður niður í 10%**
-  **Þar til flötu skattkerfi verður komið á verði tekjuskattur einstaklinga lækkaður í 17%**
-  **Vaxtabætur í núverandi mynd verði felldar niður**
-  **Stimpilgjöld verði felld niður**
-  **Hagnaður af sölu hlutabréfa verði færður undir sambærilegan lagaramma og arðgreiðslur**
-  **Erfðafjárskattur verði felldur niður**
-  **Afdráttarskattar verði afnumdir**
-  **Skattaívilnun verði sett fyrir erlenda sérfræðinga**
-  **Skattaafsláttur verði settur á vegna fjárframlaga til menningar-, líknar- og menntamála.**
-  **Tvísköttunarsamningum verði fjölgað til muna**
-  **Lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið**
-  **Áfengisgjald og önnur sértæk gjöld á neysluvörur verði afnumin**

FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Skuldastaða ríkissjóðs er afar góð um þessar mundir. Ríkisstjórnir síðustu ára hafa staðið sig vel í að greiða niður skuldir, enda kjörnar aðstæður til þess í þeim mikla uppgangi sem átt hefur sér stað. Það er því ekki síst fyrir ímyndarsakir sem Viðskiptaráð leggur til að ríkið greiði niður allar skuldir sínar. Ísland hefur verið gagnrýnt á alþjóðamörkuðum fyrir slæma erlenda skuldastöðu, viðvarandi viðskiptahalla og óáreiðanlegan gjaldmiðil. Viðskiptaráð telur tvíþættan ávinning af því að ríkið setji sér það markmið að vera skuldlaust innan 10 ára. Annars vegar myndi svo öflug staða þjóðarbúsins reynast gott vopn í baráttu gegn neikvæðri og illa ígrundaðri umræðu um fjármálastöðu landsins. Hins vegar myndi slík stefnumótun skapa ríkinu mikið aðhald í rekstri þar sem ekki væri rými til að hvika mikið frá fjárlögum.

Til að auka almennt aðhald í ríkisrekstri enn frekar væri skynsamlegt að koma upp heimasíðu með nákvæmum og tæmandi upplýsingum um alla ráðstöfun opinbers fjármagns. Þannig gætu almenningur og fjölmiðlar þjónað eftirlitshlutverki og leitað sér upplýsinga um ráðstöfun skattpeninga. Þar sem þjónustuframboð ríkisins er fyrirfram skilgreint ætti ekki að reynast erfitt að gefa mjög nákvæmar upplýsingar um öll útgjöld. Með þetta í huga telur ráðið ennfremur heppilegt að ráðstöfunarákvarðanir ráðherra verði felldar út úr fjárlögum. Þar er um að ræða umtalsverðar upphæðir sem líklega er ætlað að mæta óskilgreindum úthlutunum af hálfu ráðherra. Þar sem um almannafé er að ræða er eðlilegt að þetta fjármagn sé eyrnamerkt vissum verkefnum eða útgjaldaliðum.

Ein af meginástæðum þess ójafnvægis sem ríkt hefur í íslenskum þjóðarbúskap undanfarin misseri hefur verið ósamræmi í peninga- og fjármálastjórn. Samtímis var ráðist í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar, skattalækkanir og breytingar á fyrirkomulagi húsnæðislána. Afleiðingin hefur verið eftirspurnarsprenging, gríðarleg eignamyndun og methalli á viðskiptum. Að sjálfsögðu er að miklu leyti um jákvæðar framfarir að ræða en aukaverkanir eru slæmar. Vaxandi aðhald peningamálastefnunnar hefur komið hart niður á minni og meðalstórum fyrirtækjum í formi hækkandi fjármagnskostnaðar og útflutningsgreinum með sterku raungengi. Jafnframt hafa sveiflur í gengi krónunnar aukið áhuga atvinnulífsins á að taka upp stöðugari gjaldmiðil.

Þrátt fyrir að ákvarðanir stjórnvalda eigi stóran þátt í núverandi stöðu hafa ríkisstjórnir síðustu ára almennt sýnt tiltölulega ábyrga fjármálastjórn og haldið vexti ríkisútgjalda í takt við hagvöxt. Það sem verður þó að horfa til í því samhengi er að hagvöxtur síðustu ára hefur verið afar mikill. Sé ætlunin að koma hagkerfinu í jafnvægi á sem hagkvæmasta máta er það forgangsatriði að halda vexti ríkisútgjalda í skefjum, sérstaklega þegar hagvöxtur dregst saman.

Mikilvægt skref sem stjórnvöld gætu tekið til að draga úr vexti ríkisútgjalda er að auka fjárhagslegan aga innan ríkisstofnana. Svo virðist sem afleiðingar þess að fara fram úr tilsettum fjárlögum séu litlar sem engar. Þessu verður að breyta ef ætlunin er að ná betri árangri í ríkisrekstri. Viðskiptaráð leggur til að viðurlög við brotum á fjárlögum verði hert til muna og þannig skorið upp herör gegn því agaleysi sem hefur viðgengist innan fjölmargra ríkisstofnana í gegnum tíðina.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Allar skuldir ríkissjóðs verði greiddar upp innan 10 ára**
-  **Yfirbygging hvers ráðuneytis verði skorin niður um þriðjung**
-  **Heimasíðu verði komið upp með nákvæmum og tæmandi upplýsingum um alla ráðstöfun opinbers fjármagns**
-  **Styrkir til stjórnmalaflokka verði afnumdir**
-  **Ráðstöfunarákvarðanir ráðherra verði felldar úr fjárlögum**
-  **Félagslega kerfið verði gert gegnsærra og einfaldara**
-  **Ríkið taki virkari þátt í jöfnun hagsveiflna**
-  **Heildarútgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu verði skorin niður um fimmtung**
-  **Brot á fjárlögum verði viðurlögum**

VINNUMARKAÐUR OG LÍFEYRISMÁL

Vinnumarkaður og staða lífeyrismála eru meðal helstu styrkleika íslensks hagkerfis. Sveigjanlegur vinnumarkaður með einföldu regluverki hefur gert Íslendingum kleift að halda uppi afar háu og stöðugu atvinnustigi. Atvinnuleysi er orð sem varla þekktist í íslenskum orðabókum, atvinnuþátttaka kvenna er afar mikil og ungt fólk á greiðan aðgang að fjölda starfa.

Lífeyrissjóðakerfi Íslands er til fyrirmyndar enda eru uppsafnaðar eignir sjóðanna orðnar talsvert hærri en sem nemur landsframleiðslu Íslands. Þetta er einsdæmi, sérstaklega í ljósi þess að Íslendingar eru tiltölulega ung þjóð.

Öfugt við það sem þekktist víða annars staðar er helsta vandamál á íslenskum vinnumarkaði skortur á starfsfólki. Þetta á við á nánast öllum sviðum. Hér vantar fleiri ófaglærða starfsmenn, iðnaðarmenn, sérfræðinga og öfluga stjórnendur. Til að mæta þessum skorti þarf að gera viðeigandi ráðstafanir.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi verða einstaklingar sem náð hafa lögboðnum lífeyrisaldri fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna tekjutengingar lífeyrisgreiðslna kjósi þeir að dvelja lengur á atvinnumarkaði. Ákveði fólk að vinna lengur ættu stjórnvöld að taka því fagnandi hendi enda getur fólk á lífeyrisaldri verið afar öflug viðbót við vinnuafli landsins. Tekjutengingin dregur úr hvöt fólks sem hefur áhuga og vilja til að starfa lengur og að sama skapi dregur hún úr hvöt til að byggja upp lífeyrissparnað og réttindi. Þetta telur Viðskiptaráð vera þjóðhagslega óhagkvæmt og leggur því til að dregið verði verulega úr tekjutengingu lífeyrisgreiðslna.

Til að bæta lífeyrissjóðakerfið enn frekar telur Viðskiptaráð skynsamlegt að öllum starfsmönnum verði tryggður réttur til að velja sér lífeyrissjóð. Með því væri samkeppni milli sjóðanna eflað og aðhald við stjórnir þeirra aukið. Hár rekstrarkostnaður og slæg ávöxtun kæmi þannig niður á vexti sjóða. Að sama skapi er skynsamlegt að auka heimildir til lífeyrissparnaðar eða hækka það hlutfall sem launþegar mega greiða óskattlagt til viðbótarlífeyrissparnaðar. Þannig gætu einstaklingar sem eiga lítil lífeyrisréttindi og fá ár eftir á vinnumarkaði aukið lífeyrissparnað verulega til að bæta réttindin. Þessi aðgerð hvetur einnig til aukins sparnaðar sem er tvímælalaust til góðs.

Ein af þeim tillögum lagðar voru fram til að gera Ísland að miðstöð fjármála voru skattaívilnanir fyrir erlenda sérfræðinga. Tillagan er góðra gjalda verð en til að slíkur hvati nýtist að fullu er nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á þeim hömlum sem útlendingum eru settar við að koma hingað til lands og vinna. Þetta á sérstaklega við um einstaklinga af þjóðerni utan Evrópska efnahagssvæðisins. Á atvinnumarkaði þar sem sárlega vantar starfsfólk ætti að endurskoða innflytjendalöggjöf með það að markmiði að þeir útlendingar sem komi hingað til lands til vinnu geti gert það með einföldum og skjóttum hætti, óháð þjóðerni.

Til að ná sem mestum árangri í ríkisrekstri er mikilvægt að færa stöðu starfsmanna hins opinbera sem næst því sem gerist á almennum markaði. Undir þetta falla réttindi sem og skyldur. Starfsmönnum hins opinbera ætti að vera gert kleift að semja um kaup sín og kjör, rétt eins og um einkafyrirtæki væri að ræða, en að sama skapi ættu þeir ekki að hafa nein umframréttindi gagnvart sínum atvinnurekanda. Líður í að jafna réttindi opinberra starfsmanna er að samræma fyrirkomulag lífeyrismála, enda er núverandi kerfi bæði ógagnsætt og torskilið. Einfaldasta leiðin að því markmiði væri að gera Lífeyrissjóð ríkisins að sjálfstæðum lífeyrissjóði með sömu rekstrarforsendur og aðrir sjóðir. Með ofangreinda tillögu um réttindi til að velja sér lífeyrissjóð, gæfist ríkisstarfsmönnum færi á að velja þann lífeyrissjóð sem þeim hugnast best.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  Skyldur og réttindi opinberra starfsmanna verði færð til samræmis við almennan vinnumarkað
-  Hagsmunasamtök atvinnugreina og starfsstétta verði ekki á opinberum framlögum
-  Lífeyrissjóður ríkisins verði gerður að sjálfstæðum lífeyrissjóði með sömu rekstrarforsendum og aðrir sjóðir
-  Dregið verði verulega úr tekjutengingu lífeyrisgreiðslna
-  Samningsfrelsi á vinnumarkaði verði aukið
-  Engar hömlur verði á því að útlendingar komi hingað til lands til vinnu
-  Löggiltir frídagar verði endurskoðaðir með hliðsjón af notagildi fyrir starfsmenn sem og atvinnurekendur
-  Öllum starfsmönnum verði tryggður réttur til að velja sér lífeyrissjóð
-  Heimildir til lífeyrissparnaðar verði auknar

VIÐSKIPTAUMHVERFI OG FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Griðarlegar framfarir hafa átt sér stað í íslensku viðskiptaumhverfi á undanförunum áratugum. Aðstæður til viðskipta nú eru gjörbreyttar frá því sem var fyrir örfáum áratugum og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Atvinnulíf hefur dafnað og hagkerfið vaxið af miklum krafti. Það er því kappsmál fyrir stjórnvöld að halda áfram á sömu framfarabraut og styrkja íslenskt viðskiptaumhverfi enn frekar.

Aukið svigrúm fyrir viðskiptalífið til að setja sér sjálft reglur er framfaraskref sem Viðskiptaráð myndi vilja sjá stigið. Hingað til hefur aukið frelsi til sjálfsprottinna reglna á fjármagnsmarkaði gefið afar góða raun og því er ekkert að vandbúnaði að halda áfram á þeirri braut. Því væri mun skynsamlegra að láta markaðsaðilum eftir að setja sér reglur og framfylgja þeim en að treysta á opinbera reglusetningu sem fylgir íþyngjandi og kostnaðarsamt eftirlit. Í þessu samhengi er vert að benda á mikilvægi þess að skilvirkni ýmissa þjónustustofnana hins opinbera, s.s. Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins, verði augin til muna.

Í skýrslu Viðskiptaþings 2006, Ísland 2015, kynnti Viðskiptaráð m.a. möguleika á því að gera Ísland að alþjóðlegri miðstöð fjármála. Í kjölfarið tók nefnd á vegum forsætisráðuneytisins saman rit þar sem reifaðar voru tillögur sem gætu stuðlað að þessu. Þær tillögur sem þar voru lagðar fram eru tvímælalaust til þess fallnar að koma íslensku viðskiptaumhverfi í fremstu röð, sérstaklega í tengslum við fjármálapijónustu. Vöxtur fjármálapijónustu á Íslandi hefur verið mjög ör og nú er svo komið að fjármálageirinn er stærsta atvinnugrein landsins, þegar skoðað er framlag til landsframleiðslu. Með þetta í huga væri skynsamlegt að efla atvinnuvegin með því að hrinda sem flestum af tillögnum er lagðar voru fram í framkvæmd.

19

Líkt og önnur fjármálafyrirtæki hafa sparisjóðirnir vaxið afar hratt á undanförunum árum. Þrátt fyrir það telur Viðskiptaráð núverandi lagafyrirkomulag ekki til þess fallið að stuðla að frekari framþróun sjóðanna. Nú er svo komið að þeir eru þátttakendur á flestum sviðum sem aðrir viðskiptabankar starfa á. Því eru þær skorður sem rekstri þeirra eru settar eingöngu til þess fallnar að veikja samkeppnisstöðu sparisjóða gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum. Ennfremur er ljóst að gagnsæi og lagaumhverfi stofnbréfa er óhagkvæmt og síðast en ekki síst er eignarhald og ráðstöfunarréttur sjóðanna óskýr. Viðskiptaráð telur afar brýnt að endurskoða lagaumhverfi og fyrirkomulag kerfisins, sé ætlun stjórnvalda að tryggja vöxt og viðgang þess, styrkja byggðir sem sjóðirnir tilheyra og varðveita hagsmuni stofnfjáraðila.

Viðskiptaráð leggur til að fyrirtækjum verði gert kleift að færa uppgjör og skrá hlutabréf sín í erlendri mynt, án afskipta af hálfu hins opinbera. Frelsi á þessu sviði er stór þáttur í að gera íslensk fyrirtæki að ákjósanlegri fjárfestingarkosti fyrir erlenda aðila. Að sama skapi hefur útrás íslenskra fyrirtækja leitt til þess að stór hluti tekjustofns margra félaga er í erlendum myntum. Með því að heimila umræddum fyrirtækjum að færa uppgjör og hlutabréf í erlendri mynt væri dregið úr gengisáhættu þeirra. Ennfremur má gera ráð fyrir að slík breyting myndi draga úr viðskiptakostnaði erlendra aðila. Allt er þetta til þess fallið að auka áhuga fjárfesta á starfsemi viðkomandi félaga og auka seljanleika bréfanna.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Viðskiptalífinu verði í auknum mæli falið að setja sér sjálft reglur**
-  **Sparisjóðaumhverfið verði nútímavætt**
-  **Skilvirkni opinberra þjónustustofnana, s.s. Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Fyrirtækjaskrár, verði aukin**
-  **Íslenskum fyrirtækjum verði gert kleyft að færa uppgjör og skrá hlutabréf sín í erlendri mynt án sérstakra afskipta eða leyfisveitinga hins opinbera**
-  **Enn frekari áherslu verði lögð á fjölgun fríverslunarsamninga þar til Ísland verður tollfrjálst land**
-  **Tillögum um Ísland sem miðstöð fjármála verði hrint í framkvæmd**
-  **Viðskiptalöggjöf og regluverk verði samræmt á milli Norðurlandanna**

MENNTA- OG HEILBRIGÐISMÁL

Öflugt menntakerfi er grundvöllur framfara og samkeppnishæfni. Því er afar mikilvægt að leita allra leiða til að efla og þróa íslenskt menntakerfi ætlum við okkur að standa í fremstu röð.

Einkaframtak hefur þegar sannað gildi sitt hvað viðkemur menntamálum. Aukin breidd og valmöguleikar í framhaldsmenntun hafa ekki eingöngu skapað vaxandi sókn í menntun heldur veitt ríkisháskólum mikilvægt aðhald og samkeppni. Einkarekstur á leik- og grunnskólastigi hefur einnig skilað góðum árangri og stuðlað að nýbreytni og meira valfrelsi. Það ætti því að vera markviss stefna stjórnvalda að rækta og ýta undir nýsköpun og einkaframtak í menntamálum. Aukið frelsi í námskrá á öllum stigum náms og meiri áhersla á frumkvöðlanám myndi styrkja framþróun í menntamálum enn frekar.

Alþjóðavæðing Íslands kallar á breyttan hugsunarhátt á öllum sviðum samfélagsins. Ísland er nú hluti af stærra markaðssvæði og hagkerfi eru komin í samkeppni um vel menntað fólk. Með því að stuðla að fjölbreyttu og alþjóðlegu menntakerfi er hægt að koma í veg fyrir þekkingartap vegna brottflutnings menntaðra einstaklinga og að sama skapi nýta sér möguleika á þekkingarávinningi með því að laða hingað til lands hæft starfsfólk. Þannig tryggja stjórnvöld að á Íslandi verði ávallt til staðar úrval sérfræðinga og stjórnenda sem efla starfsemi fyrirtækja hér á landi. Með öflugu átaki til að efla menntun væri lagður grunnur að frekari útrás íslenskra fyrirtækja sem og hugsanlegri uppbyggingu erlendra fyrirtæka hérlandis.

Kraftar einkaaðila í heilbrigðisþjónustu eru mjög vannýttir. Sem dæmi um svið sem ráðið telur að aukin aðkoma einkaaðila myndi henta sérstaklega vel eru t.a.m. Öldrunarsvið Landspítala háskólasjúkrahúss, heilsugæslustöðvar og þjónusta heimilislækna, umönnun aldraðra (hvort sem er heimaþjónusta, dagvistun eða hjúkrunarheimili) og þjónusta í tengslum við meðgöngu og sængurlegu.

Þrátt fyrir að skref hafi verið tekin í rétta átt leggur Viðskiptaráð til að mörkuð verði samræmd heildarstefna um notendagjöld í heilbrigðisþjónustu, án þess að skerða möguleika þeirra sem minna mega sín til að nýta sér hana. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2007 dragast þau gjöld sem innheimt eru af notendum saman um 350 m.kr. eða um 1,5%. Á sama tíma aukast útgjöld til málaflokksins um 14% og því ljóst að hlutfall notendagjalda fer lækkandi milli ára. Að sama skapi virðist oft sem lítið samræmi sé á milli þess fyrir hvaða lækniþjónustu eru greidd notkunargjöld.

Viðskiptaráð leggur einnig til að teknar verði upp magntengdar greiðslur á sjúkrahúsum. Slíkt greiðslufyrirkomulag greiðir leið aukins samanburðar og samkeppni í heilbrigðisþjónustunni. Núverandi fyrirkomulag, þ.e. að taka mið af útgjöldum síðasta árs, gerir hvorki sjúkrastofnunum né ríkinu kleift að sinna hlutverkum sínum eins og best verður á kosið. Stofnanir hafa því lítinn hag af meiri framleiðni og erfitt er að henda reiður á því hvað ríkið er að kaupa og á hvaða verði.

Skoðanaágreiningur um hlutverk hins opinbera í þjónustuframboði ætti ekki að koma í veg fyrir almenna sátt um kosti einkareksturs, hvort sem um er að ræða mennta- eða heilbrigðiskerfi. Einkarekstur felur einungis í sér að verkefnunum sjálfum er komið úr höndum hins opinbera til einkaaðila. Hvort þjónustan verði fjármögnuð með skattfé eða einkavædd að fullu er val, en hvort tveggja gengur upp með einkarekstri.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Einkaframkvæmd verði nýtt í auknum mæli á öllum skólastigum**
-  **Stutt verði við uppbyggingu alþjóðanáms þar sem kennt er á ensku**
-  **List-, verk- og bóknám verði samþætt og gert jafn hátt undir höfði**
-  **Frelsi í námsskrá verði aukið á öllum stigum náms**
-  **Áhersla á frumkvöðlanám verði aukin**
-  **Fjárframlag hins opinbera til hvers nemenda verði óháð rekstrarformi menntastofnunar**
-  **Allt nýtt opinbert rannsóknarfjármagn á háskólastigi fari í samkeppnissjóði**
-  **Heilbrigðiskerfið verði endurskoðað með það að markmiði að auka þátttöku einkaaðila**
-  **Teknar verði upp magntengdar greiðslur á sjúkrahúsum**
-  **Mörkuð verði heildarstefna um notendagjöld í heilbrigðisþjónustu**
-  **Gæðaeftirlit mennta- og heilbrigðiskerfis verði sett í hendur fagaðila þar sem viðurkenndum aðferðum er beitt**

ATVINNUMÁL

Á meðan aukið frjálsræði hefur rutt braut flestra atvinnuvega til frampróunar hafa vissar atvinnugreinar staðið í stað og einkennast enn af höftum, takmörkunum og ríkisafskiptum.

Hingað til hefur afstaða stjórnvalda til landbúnaðar verið sú að hann beri að vernda og verja landi til heilla. Þrátt fyrir að ráðið telji fjölbreytt atvinnulíf til góða er ekki spurning að með núverandi landbúnaðarstefnu er verið að förna meiri hagsmunum fyrir minni. Afnáam tolla, vörugjalda, kvóta og annarra sértækra aðgerða myndi tryggja frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur, til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Viðskiptaráð telur enga ástæðu til að verja einstakar atvinnugreinar í gegnum tollakerfið enda ættu Íslendingar að einbeita sér að atvinnugreinum sem þeir geta skapað sér alþjóðlegt samkeppnisforskot í.

Sjávarútvegurinn er einnig þjakaður af viðskiptahindrunum og ríkisforsjá. Má þar nefna höft á framsali aflaheimilda, takmarkanir á hámarks aflaheimild einstakra aðila, takmarkanir á erlendum fjárfestingum, svo ekki sé nefnd sú sértæka skattlagning sem felst í auðlindagjaldinu. Viðskiptahindranir af þessu tagi eru til þess fallnar að brjóta niður stoðir hagkvæms rekstrarumhverfis og þar með samkeppnishæfni atvinnuvegarins. Enn fremur er skýr og óskorðaður eignarréttur útvegsins á aflaheimildum forsenda frjálsra viðskipta með aflann og ber því að vernda hann.

Viðskiptaráð hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á afnáam allra hafta á erlendar fjárfestingar hérlandis. Þeim fylgir ekki aðeins fjármagn heldur einnig þekking, tengsl og áhættudreifing. Höft á erlendra fjárfestingu draga einnig úr samkeppni og þar af leiðandi skilvirkni á viðkomandi markaði. Afnáam þeirra er ein af meginforsendum þess að íslenskt atvinnulíf geti nýtt tækifæri vaxandi alþjóðavæðingar og þannig bætt samkeppnisstöðu sína. Eins og staðan er í dag er Ísland ekki þátttakandi í alþjóðlegri samkeppni um fjármagn og hugvit á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og orkuiðnaðar.

Rekstur og fjármögnun samgöngumannvirkja hefur hingað til verið í höndum opinberra aðila, þótt framkvæmdir við slík mannvirki hafi verið settar að mestu í hendur einkaaðila. Með því að setja hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald í hendur eins aðila í stað þess að halda þessum þáttum aðskildum er hægt að hámarka framleiðni og að sama skapi lágmarka heildarkostnað. Einkaframkvæmd er þannig ein skilvirkasta leið í hagkvæmri nýtingu fjármuna. Viðskiptaráð hvetur enn fremur til þess að notkunargjöld verði nýtt í vaxandi mæli í samgöngumálum, enda eðlilegt að menn standi straum af kostnaði við samgöngumannvirki í hlutfalli við notkun þeirra.

Í fáum atvinnugreinum er þátttaka hins opinbera jafn áberandi og í orkuiðnaði enda eru opinber fyrirtæki ráðandi afl á öllum sviðum, þ.e. í vinnslu, dreifingu, flutningi og sölu. Forkaupsréttir sveitarfélaga að hitaveitum og bann við meirihlutaeign einkaaðila í vatnsveitum eru skýr dæmi um þær takmarkanir sem einkaaðilum eru settar. Það er nauðsynlegt að afnema öll höft á orkumarkaði til að tryggja samkeppnishæfni þeirra til langframa. Að sama skapi ætti að samræma eftirlit og leyfisveitingar ásamt því að afnema iðnaðarmálagjaldið. Með því mætti fækka þeim stofnunum sem falið hefur verið að annast eftirlit og útgáfu leyfa. Leggur Viðskiptaráð til að ráðist verði í framangreint samhliða einkavæðingu orkufyrirtækjanna.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Verndartollar, kvótar og vörugjöld í landbúnaði verði felld niður**
-  **Styrkjakerfi og ríkisafskipti í landbúnaði verði afnumin í skrefum**
-  **Höft á meðferð aflaheimilda verði afnumin**
-  **Eignaréttur á aflaheimildum verði alfarið í höndum útvegsins**
-  **Allar stærri vegaframkvæmdir verði færðar í einkarekstur**
-  **Notkunargjald verði nýtt í meira mæli í samgöngumálum**
-  **Sértæk gjöld á atvinnuvegina verði afnumin, s.s. iðnaðarmála- og auðlindagjald**
-  **Loftferðasamningum verði fjölgað**
-  **Áreiðanleiki fjarskiptasambands Íslands verði aukinn**
-  **Höft á erlendum fjárfestingum í orkugeiranum, sjávarútvegi og landbúnaði verði afnumin**
-  **Forkaupsréttur sveitarfélaga að vatns- og hitaveitum verði afnuminn**
-  **Ákvæði þess efnis að vatnsveitur megi ekki vera í meirihlutaeigu einkaaðila verði afnumið**
-  **Leyfaumhverfi á sviði öflunar og sölu á raforku verði einfaldað**

LÁGMÖRKUN RÍKISREKSTRAR

Það er grundvallaratriði að hið opinbera taki ekki þátt í samkeppni við einkaaðila á neinum markaði. Fjárhagslegt bolmagn hins opinbera er slíkt að einkaaðilar mega sín lítils í samanburði. Hlutverk ríkisins er að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi, þar sem samkeppni og markaðslögmál fá þrífist, án inngripa eða röskunar af hálfu hins opinbera. Ríkið ætti því að marka sér þá stefnu að um leið og einkaaðilar hasla sér völl á einhverju sviði verði sambærileg verkefni ríkisstofnana lögð niður.

Með breytingu RÚV í opinbert hlutafélag hafa rekstrarforsendur og stefna félagsins breyst. Í kjölfarið virðist RÚV hafa kosið að beina kröftum sínum sérstaklega að uppbyggingu auglýsingasjónvarps, í stað þess að einbeita sér að þáttum sem markaðurinn sinnir ekki og réttlætt gæti ríkisrekstur á þessu sviði í huga einhverra. Augljóst er að RÚV notar skattfé til framleiðslu og kaupa á sjónvarpsefni sem er í beinni samkeppni við einkareknar stöðvar og spillir þar með heilbrigðum rekstrarskilyrðum á fjölmiðlamarkaði. Sé ekki vilji til að einkavæða RÚV er afar mikilvægt að skýrt verði með áþreifanlegum hætti hvaða þjónustu ríkið telji sig vera að kaupa af félaginu.

Að sama skapi er eðlilegt að Íbúðalánasjóður verði lagður niður í núverandi mynd. Þannig gæti ríkið horfið frá samkeppnisrekstri í almennum húsnæðismálum og einbeitt sér að virkum félagslegum úrræðum fyrir þá sem þurfa aðstoð við að koma þaki yfir höfuðið. Eins og staðan er í dag er samkeppnisstaða sjóðsins gagnvart viðskiptabönkunum bjöguð vegna ríkisábyrgðar. Í stað Íbúðalánasjóðs væri hægt að skilgreina nýja stofnun sem hefði það meginverkefni að skapa félagsleg úrræði fyrir fjárvana fólk í húsnæðisþörf.

Viðskiptaráð telur mikla möguleika felast í sölu fasteigna ríkisins. Í dag er meirihluti þess húsnæðis sem ríkið notar, eða um 85%, í opinberri eigu. Ef ríkið myndi selja flestar fasteignir sínar og taka þær síðan á leigu eftir þörfum væri um stærstu einkavæðingu íslenska ríkisins til þessa að ræða. Þetta myndi fela í sér aukinn sveigjanleika í starfsemi ríkisins og hagkvæmari fasteignarekstur þar sem samkeppni ríkir í flestum greinum fasteignastjórnunar á Íslandi. Gera má ráð fyrir að ríkið gæti losað um 80 milljarða króna með þessum hætti.

Íslensku orkufyrirtækin hafa skapað sér orðspor sem leiðandi þekkingarfyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Til að sú sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls er nauðsynlegt að færa eignarhald á orkufyrirtækjum til einkaaðila, enda bjóða fáar greinar upp á jafn mikinn vöxt og orkuiðnaðurinn. Sé ekki vilji til að selja þann arm starfseminnar sem heyrir undir grunnþjónustu til einkaaðila væri eðlilegt að aðskilja þann rekstur frá annarri starfsemi. Þannig væri mun eðlilegra að þjónusta við stóriðju og sókn á nýja markaði væri alfarið í höndum einkaaðila, enda um áhættuverkefni að ræða sem heyra ekki undir þjónustuframboð hins opinbera.

Þess misskilnings virðist hafa gætt í gegnum tíðina að aukin stærð ríkisstofnana gefi til kynna góðan árangur og vaxandi mikilvægi hennar. Það hefur eflaust með þá staðreynd að gera að launakjör stjórnenda ráðast oft af stærð stofnana og starfsmannafjölda. Þegar þrengir að vegna aukins ríkisaðhalds leitast stofnanir því oft við að finna önnur úrræði til tekjuöflunar, m.a. á sviðum sem einkaaðilar sinna þegar eða gætu sinnt. Nauðsynlegt er að vinna markvisst gegn slíkri þróun, skilgreina umfang starfsemi opinberra stofnana með skýrum hætti og tryggja að starfsemi þeirra sé innan slíkra marka.

Viðskiptaráð leggur til að:

-  **Öll opinber orkufyrirtæki verði einkavædd**
-  **Fasteignir ríkisins verði einkavæddar samkvæmt útgefnum tillögum ráðsins**
-  **Ríkisútvarpið verði einkavætt**
-  **Ríkið hverfi úr samkeppnisrekstri á almennum húsnæðislánamarkaði**
-  **Íslandspóstur verði seldur**
-  **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði seld og verslun með áfengi gefin frjáls**
-  **Ekki verði notast við ohf. rekstrarform nema yfirlýst markmið sé að selja viðkomandi stofnun eða fyrirtæki innan ákveðins tímaramma**
-  **Náttúruauðlindir verði í vaxandi mæli í einkaeigu en nýting þeirra bundin við skilgreindan lagaramma**
-  **Hið opinbera taki ekki þátt á neinum markaði í samkeppni við einkaaðila**
-  **Möguleg aðkoma einkaaðila að Lánasjóði íslenskra námsmanna verði könnuð**
-  **Sókn á markaði í nýsköpunaratvinnuvegum verði fjármögnuð og stýrt af einkaaðilum, ekki opinberum fyrirtækjum**

UTANRÍKISMÁL

Yfirskrift síðasta Viðskiptaþings var „Ísland, best í heimi?“ og var þingið tileinkað alþjóðlegu orðspori og mynd Íslands. Viðskiptaráð átti frumkvæði að því að mánuðina fyrir þingið fór fram sameiginleg vinna atvinnulífs og ríkisstjórnar um myndarmál Íslands. Starfshópur, sem starfaði undir stjórn Simon Anholt, var skipaður menntamála-, utanríkis-, viðskipta- og forsætisráðherra auk fulltrúum Viðskiptaráðs. Anholt er einn helsti sérfræðingur heims á sviði myndarmála þjóða og hefur unnið fyrir fjölmörg ríki og stórfyrirtæki að bættri mynd og orðspori.

Á Viðskiptaþinginu skýrði Anholt frá þeirri vinnu sem fram fór meðal starfshóps atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar. Auk þess kynnti hann niðurstöðu rannsóknar um mynd Íslands í samanburði við önnur ríki, en úrtakið var um 30 þúsund manns í 35 löndum. Niðurstaða rannsóknarinnar leiddi í ljós að mynd Íslands er ekki nægjanlega sterk. Í ræðu Anholt kom fram að þetta væri ekki til marks um að mynd Íslands væri neikvæð heldur fremur að fólk vissi lítið sem ekkert um landið. Hann lagði áherslu á getu og möguleika Íslands til að skara fram úr nú á tímum alþjóðavæðingar en taldi nauðsynlegt að stjórnvöld og atvinnulíf kæmu saman að því að byggja upp mynd landsins.

Til að mæta þeim ráðleggingum tilkynnti Geir H. Haarde, forsætisráðherra, að hann hefði í hyggju að setja saman lítinn starfshóp, sem kalla mætti sérsveit, fámennan hóp með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs til að skoða fordómalaust hvernig best væri staðið að vinnu við mynd Íslands og hvernig hámarks árangri væri náð. Endanlegt markmið, samkvæmt orðum forsætisráðherra, er að Ísland skari framúr, bæði í reynd en einnig hvað varðar mynd landsins.

Þar sem mynd Íslands er nátengd öllu utanríkisstarfi landsins taldi Viðskiptaráð best að koma ekki með beinan tillögulista á sviði utanríkismála, enda ljóst að það verkefni bíður starfshópsins er nefndur hefur verið sérsveitin. Uppbygging, hagræðing og samræming í utanríkismálum er forgangsmál sem Viðskiptaráð treystir að verði gerð góð skil á næstu árum.

VIÐSKIPTAPING 2007

ORÐSPOR OG ÍMYND ÍSLANDS



**Simon Anholt kynnir
niðurstöður rannsókna á
ímynd og orðspori Íslands**

**Geir H. Haarde,
forsætisráðherra Íslands,
flytur ávarp.**



28



**Fulltrúar viðskiptalífsins
ræða um mikilvægi
ímynda Íslands**

ÁLITSGJAFAR VIÐSKIPTARÁÐS

Þar sem Viðskiptaráð hefur ávallt miðað við að endurspegla rödd viðskiptalífsins var ákveðið að leita til álitsgjafa við undirbúning þessarar vinnu. Hópur álitsgjafanna samanstendur af áhrifamiklum einstaklingum úr íslensku viðskiptalífi auk sérfræðinga, tengda ýmsum málaflokkum.

Þær hugmyndir sem koma fram í skýrslunni endurspegla aðeins skoðanir Viðskiptaráðs en þurfa ekki að endurspegla skoðanir einstakra álitsgjafa. Er því allt efni skýrslunnar á ábyrgð Viðskiptaráðs Íslands.



**ARI
EDWALD**
FORSTJÓRI
365



**ÁSDÍS HALLA
BRAGADÓTTIR**
FORSTJÓRI
BYKO



**BENEDIKT
OLGEIRSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
ATORKA GROUP



**DAVÍÐ SCHEVING
THORSTEINSSON**
RÁÐGGJAFI
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS




**DAVÍÐ
ÞORLÁKSSON**
LÖGFRÆÐINGUR
ASKAR KAPITAL



**ERLENDUR
HJALTASON**
FORSTJÓRI
EXISTA



**FRIÐRIK
SOPHÚSSON**
FORSTJÓRI
LANDSVIRKJUN



**GUÐJÓN
RÚNARSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTEKJA



**GUNNAR
BALDURSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
ALMENNI LÍFVEYRISSJÓÐURINN



**GUNNAR
HARALDSSON**
FORSTÖÐUMAÐUR
HAGFRÆÐISTOFNUN HÍ



**HALLA
TÓMASDÓTTIR**
FYRRV. FRAMKVÆMDASTJÓRI
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



**HALDÓR BENJAMÍN
ÞORBERGSSON**
HAGFRÆÐINGUR
MILESTONE



**JÓN KARL
ÓLAFSSON**
FORSTJÓRI
ICELANDAIR



**JÓN
SIGURÐSSON**
FYRIRV. BANKASTJÓRI
NORDIC INVESTMENT BANK



**JÓN
SIGURÐSSON**
FORSTJÓRI
ÖSSUR



**KATRÍN
PÉTURSDÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
LÝSI



**KRISTÍN
JÓHANNESSDÓTTIR**
FORSTJÓRI
GAUMUR



**KRISTÍN
PÉTURSDÓTTIR**
FJÁRFESTIR



**RAGNHILDUR
GEIRSDÓTTIR**
FORSTJÓRI
PROMENS



**RÓBERT
WESSMAN**
FORSTJÓRI
ACTAVIS GROUP



**SIGURÐUR
EINARSSON**
STJÓRNARFORMAÐUR
KAUPPING



**SVAFI
GRÖNFELDT**
REKTOR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



**TRYGGVI ÞÓR
HERBERTSSON**
FORSTJÓRI
ASKAR KAPITAL



**VILHJÁLMMUR
EGILSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



**ÞÓR
SIGURÐSSON**
FORSTJÓRI
SJÓVÁ



**ÞÓRBJÖRN
FRÍÐJÓNSSON**
FORSTJÓRI
KAUPHÖLL ÍSLANDS OMX



**ÞÓRÐUR
MAGNÚSSON**
STJÓRNARFORMAÐUR
EYRIR INVEST



**ÞORVARÐUR
GUNNARSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
DELOITTE

SAGA VIÐSKIPTARÁÐS

Verzlunarráð Íslands (nú Viðskiptaráð Íslands) var stofnað 17. september 1917. Rúmum áratug áður höfðu Íslendingar eignast sína fyrstu heimastjórn og fóru um leið að hafa meiri áhrif á framvindu innanríkismála. Með sjálfstæðishug í brjósti var blásið til sóknar í atvinnu- og menningarmálum. Sími, bankar, eigin útgerð, uppbygging í menntamálum og ný sjálfstæð sambönd í utanríkisverslun styrktu þessa þróun. Á þessum tíma óx verslun hratt og mikil framþróun og nýsköpun átti sér stað.

Á þeim tíma er ráðið var stofnað var fyrri heimstýrjöldin enn í algleymingi, með þeirri eynd og eyðileggingu sem henni fylgdi. Svarf þá einnig að Íslendingum, þótt þeir tækju ekki beinan þátt í stríðinu. Þetta átti ekki síst við á sviði viðskipta og verslunar. Þannig var stofnun ráðsins einnig tilraun til að leysa þau vandamál sem stýrjöldinni fylgdu.



KFUM HÚSIÐ VIÐ AMTMANNSTÍG

Segja má að forveri ráðsins hafi verið Kaupmannaráð Reykjavíkur. Kaupmannaráðið starfaði á ýmsan hátt eins og erlend verslunarráð gerðu á þessum tíma og hafði nán sambönd við bæði stjórnvöld og kaupsýslumenn. Einnig hafði Kaupmannaráðið gengist fyrir stofnun Verzlunarskóla Íslands árið 1905. Þó var að lokum ákveðið að endurskipuleggja starfsemina og upp úr því varð Verzlunarráð Íslands til.

Það var fulltrúafundur verslunarstéttarinnar, haldinn í KFUM-húsinu við Amtmannsstíg í Reykjavík 17. september 1917, sem gekk frá stofnun ráðsins. Undirbúningur fundarins var í höndum áðurnefnds Kaupmannaráðs. Á fundinum var einróma samþykkt tillaga þess efnis að stofna “fulltrúanefnd fyrir verslun, iðnað og siglingar, er nefndist Verzlunarráð Íslands”. Að fundinum stóðu 73 einstaklingar eða fyrirtæki, en síðar bættust fleiri í hópinn og teljast stofnendur ráðsins vera 156 talsins. Á stofnfundinum var kosin fyrsta stjórn ráðsins, en í henni sátu Jes Zimsen, Garðar Gíslason, Jón Brynjólfsson, Ólafur Johnson, Carl Proppé, Jensen-Bjerg og Olgeir Friðgeirsson. Úr þessum hópi var Garðar Gíslason kosinn fyrsti formaður ráðsins.

Upphafleg lagagrein um verkefni og verksvið ráðsins hljóðaði á eftirfarandi máta:

- a) að svara fyrirspurnum frá Alþingi, stjórnvöldum og öðrum um verzlunar-, váttryggingar-, toll-, og samgöngumál og annað það, er varðar atvinnugreinar þær, sem ráðið er fulltrúi fyrir. Ráðið skal einnig af sjálfsdáðum, ef þörf þykir, gera tillögur eða láta í ljós álit sitt á þessum efnum,
- b) að vinna að því að koma á festu og samræmi í viðskiptavenjum,
- c) að koma á fót gerðardómum í málum, er varði þær atvinnugreinar, er hér um ræðir,
- d) að safna, vinna úr og birta skýrslur um ástand þessara atvinnugreina eftir því sem fong eru á,
- e) að fylgjast með erlendri löggjöf og öðrum atburðum, er kunna að hafa áhrif á atvinnuvegi landsins,
- f) að gefa út blað, þegar fært þykir, er skýri frá því markverðasta í viðskiptamálum innanlands og utan. Í blaðinu skulu einnig birt lög og stjórnarskipanir, er snerta atvinnumál.

Flest þessi verkefni eru unnin af ráðinu enn þann dag í dag. Þó hafa störf þess að sjálfsögðu þróast með breyttum tímum og því er ekki úr vegi að drepa stuttlega á helstu áherslumál ráðsins í gegnum tíðina.

Ráðið hefur veitt umsögn um flest þau lagafrumvörp sem fram hafa komið tengd viðskipta-, efnahags- og skattamálum. Þær umsagnir miða að því að standa vörð um hagsmuni aðildarfélaga ráðsins sem og koma með leiðbeinandi athugasemdir til að auka samkeppnishæfni íslensks hagkerfis. Reynslan hefur sýnt að Alþingi tekur slíkar umsagnir til skoðunar og hefur oftast en ekki látið ábendingar ráðsins sig varða. Ennfremur hefur ráðið átt þátt í ýmsum samningum er varða viðskiptamál með beinum eða óbeinum hætti.

Ráðið hefur í gegnum tíðina gengist fyrir ýmsum fundum og fyrirlestrahaldi um viðskipta-, skattaefnahags-, atvinnu- og menntamál. Á fundunum hefur verið skapaður umræðuvettvangur fyrir mikilvæg mál og í mörgum tilfellum hafa þeir haft mótandi áhrif á framvindu viðkomandi mála. Árlega heldur ráðið Viðskiptaþing (áður Verslunarþing) þar sem lykilmenn í íslensku viðskiptalífi, ráðherrar, þingmenn, fræðimenn, erlendir sendiherrar, fjölmiðlar, embættismenn og fleiri gestir hittast. Hefð hefur myndast fyrir því að auk formanns ráðsins haldi forsætisráðherra landsins ræðu á þinginu. Þar er tekið á málefnum líðandi stundar í íslensku viðskiptalífi með líflegum ræðuhöldum og umræðum í kjölfarið.

Ráðið hefur látið ýmis málefni sig sérstaklega varða. Frá upphafi hefur það verið eitt af leiðarljósum ráðsins að hér verði almennt viðskiptafrelsi. Hömlur og höft verði afnumin að öllu leyti og þau tækifæri sem felast í frjálsri verslun verði nýtt til fullnustu. Ráðið hefur látið til sín taka í skattamálum og lagt fram ýmsar umbótatillögur á þeim vettvangi. Það er von Viðskiptaráðs að í náninni framtíð verði boðið upp á besta skattaumhverfi heims á Íslandi. Ráðið hefur lagt hart að hinu opinbera að sýna ráðdeild í ríkisrekstri og alls ekki hrófla við mörkuðum þar sem fyrir ríkir samkeppni einkaaðila. Viðskiptaráð hefur að sama skapi lagt fram tillögur um möguleika til einkavæðingar. Ennfremur hefur ráðið bent á möguleika til meiri nýtingar einkaframtaks í þjónustuframboði hins opinbera.

32

Til að vinna að framgangi hagsmunamála atvinnulífs hefur ráðið beitt ýmsum aðferðum. Starfsemin hefur bæði farið fram á opinberum vettvangi, en einnig að tjaldabaki þar sem unnið hefur verið að ýmsum endurbótum. Á opinberum vettvangi hefur ráðið frumkvæði að umræðu um ýmis mál með blaðagreinum, skoðunum, virkri þátttöku í fjölmiðlaumræðu, ýmis konar skýrslugerð o.m.fl. Þannig hefur Viðskiptaráð staðið vörð um hagsmuni sinna félaga og um leið rutt brautina fyrir ný málefni sem styrkja stöðu þeirra sem og hagkerfisins í heild.

Viðskiptaráð er bakhjarl menntunar og hefur lagt sérstaka áherslu á uppbyggingu viðskiptanáms hérlandis. Í gegnum Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) á ráðið bæði Verzlunarskóla Íslands og stærstan hluta í Háskólanum í Reykjavík. Með framtíðaruppbyggingu menntunar eykur Ísland tvímælalaust samkeppnishæfni landsins og því er kappsmál fyrir atvinnulífið að hér sé myndarlega staðið að menntamálum.

Eins og algengt er hjá erlendum viðskiptaráðum er ráðið einnig vettvangur tengsla, erlendra sem og innlendra. Í gegnum tíðina hefur farið fram öflugt samstarf við önnur viðskiptaráð og hagsmunasamtök erlendis sem miðar að því að auka aðgang innlendra fyrirtækja á erlenda markaði og velvild til þeirra. Ráðið starfrækir einnig sérstök millilandarád, bæði með beinum hætti og í samstarfi við aðra. Í dag eru sjö millilandarád starfrækt af hálfu Viðskiptaráðs.

Í seinni tíð hefur ráðið beitt sér sérstaklega fyrir bættri ímynd íslensks viðskiptalífs á erlendri grundu. Með útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði hefur nauðsyn virks upplýsingastreymis aukist til muna. Viðskiptaráð hefur tekið að sér mikilvægt hlutverk á því sviði og nýst vel sem sameiginlegur vettvangur fyrirtækja landsins.

Í 90 ára sögu ráðsins hafa verið haldnir 749 framkvæmdastjórnarfundir og 1504 stjórnarfundir hjá ráðinu. Fulltrúar í stjórn og framkvæmdastjórn eru kosnir á aðalfundi ráðsins af aðildarfyrirtækjum. Aðalfundur fer fram annað hvert ár og fer með æðsta vald í málefnum ráðsins. Á milli aðalfunda fer stjórnin með æðsta vald í málefnum ráðsins en í henni sitja fulltrúar 19 aðildarfélaga. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á gerðum og eignum ráðsins á milli stjórnarfunda. Á stjórnarfundum hafa verið rædd nánast öll málefni er varða viðskipta- og efnahagslega hagsmuni landsins. Fundirnir eru því mikilvægur umræðuvettvangur og eru leiðandi afl í stefnumótun ráðsins.

Ráðið hefur ennfremur verið virkt í ýmsum hagnýtum málum er varða aðildarfélaga, s.s. verðlags-, innflutnings- og gjaldeyrismálum. Ráðið hefur haft umsjón með elsta starfandi gerðardómi landsins og skipað fulltrúa til ýmissa tilfallandi nefndarstarfa. Um miðbik síðustu aldar beindist athyglin að lánsfjármálum. Þótti kaupsýslumönnum verslunin vera afskipt og illa haldin. Til að leysa þetta mál var Verzlunarsparisjóðurinn stofnaður árið 1956, en upp úr honum varð Verzlunarbankinn til. Verzlunarráð lék mikilvægt hlutverk í stofnun bankans. Verzlunarbankinn sameinaðist síðar Útvegsbanka Íslands, Alþýðubankanum og Iðnaðarbankanum undir nafninu Íslandsbanki (nú Glitnir).



FRÁ NAFNABREYTINGU
VIÐSKIPTARÁÐS

Á 25 ára afmæli ráðsins flutti þáverandi formaður Verzlunarráðs, Hallgrímur Benediktsson, aðalræðuna um Verzlunarráðið, hlutverk þess og gildi. Í ræðunni sagði hann m.a.: “Tilgangur samtakanna var sá að efla og treysta hina íslenzku verzlun og skapa heilbrigða og hagfellda verzlunarhætti meðal þeirra, sem verzlun stunda. Einmitt þetta hefur verið leiðarljós ráðsins fram á þennan dag, og með slíku starfi sem þessu telur það sig vera að vinna fyrir alþjóðaheill”. Þessi orð eiga vel við enn þann dag í dag. Að sjálfsögðu hefur viðskiptastarf Íslendinga þróast yfir í fleiri þætti en verslun eingöngu, en sé orðinu verslun skipt út fyrir viðskipti, lýsir þetta stefnu ráðsins afar vel.

Í september árið 2005 var ákveðið að breyta nafni Verzlunarráðs Íslands í Viðskiptaráð Íslands. Undangenginn áratug hafði orðið meiri breyting á íslensku viðskiptaumhverfi en nokkurn tíma áður í sögunni. Aukin fjölbreytni fyrirtækja einkenndi umfram annað þá breytingu. Í því ljósi var stjórn ráðsins sammála um

að nafnið væri ekki eins lýsandi fyrir starfsemi þess og best væri á kosið. Í ljósi þess var tekið upp nafnið Viðskiptaráð Íslands og um leið var eldra nafn ráðsins lagt niður. Almenn ánægja ríkti með breytinguna og var hún talin til þess fallin að styrkja enn frekar öflugt tengslanet ráðsins í hínu sívaxandi íslenska viðskiptalífi.

Saga ráðsins hefur verið viðburðarík, og það hefur starfað að mörgum merkjum málum. Ráðið hefur alla tíð unnið í anda þeirra markmiða sem í upphafi voru sett en að sama skapi sniðið stakk eftir vexti. Síðbreytilegt viðskiptaumhverfi hefur á þessum árum mótað áherslur í starfi ráðsins á hverjum tíma. Ráðið hefur þó alltaf verið vettvangur hvers kyns fyrirtækja, óháð starfsgreinum eða stærð þeirra. Í þeim viðtæku tengslum við íslenskt viðskiptalíf sem ráðið hefur þannig öðlast felst einmitt

styrkur ráðsins. Margir merkir og mætir einstaklingar hafa komið að störfum ráðsins og verður svo væntanlega um ókomna tíð. Með sama áframhaldi munu störf þess eflast og árangurinn halda áfram að skila sér með böttum viðskiptaaðstæðum.

Viðskiptaráð hefur alla tíð verið uppspretta nýrra hugmynda. Jarðvegur fyrir þessar hugmyndir hefur verið misfrjósamur en til lengri tíma hefur árangurinn verið ótvíræður. Þannig hefur ráðið stuðlað að framförum í viðskiptalífinu í 90 ár, bæði með beinum og óbeinum hætti. Það má tvímælalaust rekja mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands.

Heilbrigt og kraftmikið atvinnulíf skapar forsendur til framfara og bættra lífskjara. Viðskiptaráð og þeir sem að því standa hafa trú á því að Ísland og íslenskt viðskiptalíf geti skipað sér í fremstu röð í alþjóðlegu samhengi. Til að svo geti orðið þarf einhugur að ríkja á meðal stjórnvalda, atvinnulífs og íbúa landsins um að byggja hér upp kjöraðstæður til viðskipta. Takist það er framtíðin björt og vegsemd lands og þjóðar tryggð.



HÚS VERSLUNARINNAR

Formenn Viðskiptaráðs



Garðar Gíslason var kosinn fyrsti formaður ráðsins á fyrsta stjórnarfundinum sem haldinn var 21. september 1917. Garðar fæddist 14. júní 1876. Hann stofnaði upphaflega umboðsverslun í Leith í Skotlandi árið 1901 og í kjölfarið setti hann upp útibú í Reykjavík. Árið 1909 fluttist Garðar síðan aftur til Íslands þar sem hann rak heildverslun. Í lok verslunarferils síns rak Garðar heildverslun í New York en synir hans og tengdasonur ráku verslunina á Íslandi. Helstu áherslur Garðars voru almennt verslunarfrelsi og réttindi fyrirtækja gagnvart ríkisvaldinu. Hann lét að sama skapi til sín taka í skólamálum og átti hlut að máli þegar Verzlunarskólinn var fluttur á Grundarstíg. Garðar gegndi embætti formanns frá 1917 til 1921 og svo aftur frá 1922 til 1934.



Ólafur Johnson var annar formaður ráðsins og gegndi embætti frá 1921 til 1922. Ólafur fæddist 28. maí árið 1881. Hann stofnaði heildsölufyrirtækið Ó. Johnson og Kaaber árið 1906 og starfar fyrirtækið enn þann dag í dag. Hann var sonur merks brautryðjanda í íslenskum verslunarmálum, Þorláks Ó. Johnson, sem flutti hingað til lands ýmsar nýjungar frá Bretlandi. Ólafur dvaldi um tíð í Bandaríkjunum þar sem hann var verslunarerindreki. Hann var stofnandi fyrsta íslenska kvikmyndafélagsins, Ó. Johnson og Co. en hann flutti inn ásamt fleirum fyrstu tækin til kvikmyndasýninga. Ólafur gegndi ýmsum trúnaðarstörfum og var m.a. annar stjórnandi Innkaupanefndar ríkisins. Í formannstið hans skipti ráðið um húsnæði og flutti í ný húsakynni í húsi Eimskipafélagsins.

35



Þriðji formaður ráðsins var **Hallgrímur Benediktsson**. Hallgrímur fæddist þann 20. júlí árið 1885. Hann var einn af helstu kaupsýslumönnum síns samtíma og kom víða við í stjórnámum og félagsmálum. Áður en Hallgrímur hóf að stunda viðskipti var hann þjóðkunnur íþróttamaður og glímukappi. Í formennsku Hallgríms var verksvið ráðsins mótað í átt til þess sem tíðkaðist í erlendum verslunarráðum. Ennfremur hófust árleg verslunarþing (nú viðskiptaþing) ráðsins í hans stjórnartíð og stendur sú hefð enn. Hallgrímur sat sem formaður ráðsins frá 1934 til 1949 og hefur enginn gegnt formennsku jafnlengi samfleytt.




Árið 1949 tók við formennsku **Eggert Kristjánsson** stórkaupmaður. Eggert fæddist 6. október 1897 og var meðal umsvifamestu kaupmanna síns tíma. Hann stofnaði umboðs- og heildverslun árið 1922 og einnig stofnaði hann kexverksmiðjuna Frón ásamt fleirum árið 1926. Hann var formaður Félags íslenskra stórkaupmanna í hátt í tvo áratugi og sat auk þess lengi í stjórn Félags íslenskra iðnrekenda og Vinnuveitendasambands Íslands. Í stjórnartíð Eggerts var haldið uppá aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi árið 1955. Við hátíðlega athöfn sem haldin var í Þjóðleikhúsinu af þessu tilefni sagði Eggert m.a.: “Verzlunarstéttin fékk það erfiða hlutskipti að gera einokaða verzlun frjálsa, að gera fábreytta verzlun fjölbreytta, að gera óvinsæla verzlun vinsæla. Verzlunarstéttinni hefur tekist þetta”.



Árið 1956 var **Gunnar Guðjónsson** skipamiðlari og útgerðarmaður kosinn formaður ráðsins. Gunnar, sem fæddist 26. desember 1909, kom víða við í íslenskum atvinnumálum og stýrði ýmsum fyrirtækjum. Hann var m.a. stjórnarformaður Oliuverslunar Íslands og Sænsk-íslenska frystihússins og sat í stjórn Sildar- og fiskimjölsverksmiðjunnar í Reykjavík. Ennfremur var Gunnar fyrsti formaður Stéttarsambands fiskiðnaðarins. Þessi mikla og víðtæka reynsla hefur vafalaust reynst vel í mörgum þeim málum sem til kasta hans komu í stjórn ráðsins. Á þeim tíma er Gunnar sinnti formennsku var m.a. stofnaður Verzlunarsparisjóðurinn (síðar Verzlunarbankinn). Gunnar lét af formennsku árið 1963.



Þorvaldur Guðmundsson tók við embætti formanns árið 1963. Hann fæddist 9. desember árið 1911. Þorvaldur hefur jafnan verið kenndur við fyrirtæki sitt Sild og fisk sem hann stofnaði árið 1944. Hann kom þó víða við á sínum starfsferli en hann setti m.a. upp rækjuverksmiðjur á Ísafirði og Bildudal, humarniðursuðuverksmiðju í Vestmannaeyjum og síðar svínabú að Minni-Vatnsleysu. Þorvaldur stofnaði einnig og rak Hótel Holt í Reykjavík og rak árum saman Þjóðleikhúskjallarann. Hann var á sínum tíma formaður bankaráðs Verzlunarbancans, formaður Félags kjötkaupmanna og í stjórn Kaupmannasamtaka Íslands. Fótspora Þorvalds gætir víða í íslenskri viðskiptasögu, enda spannaði ferill hans mörg svið og langan tíma. Þorvaldur lét af embætti formanns ráðsins árið 1965.



Magnús J. Brynjólfsson tók við embætti sem formaður ráðsins árið 1965. Magnús fæddist 31. ágúst 1899. Eftir nám og störf vestanhafs fluttist hann heim aftur árið 1924 til að vinna við verslun föður síns, Leðurverzlun Jóns Brynjólfssonar, en hún var fyrsta sérverslun landsins með leðurvörur. Árið 1927 tók Magnús yfir rekstur verslunarinnar. Hann hafði einnig látið að sér kveða í menntamálum og var á tímabili formaður skólanefndar Verzlunarskólans. Hann var hvatamaður að stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og fyrsti formaður hans. Hann lét sig miklu varða málefni tengd utanríkisviðskiptum, þá helst í tengslum við verðlags- og tollamál.



Kristján G. Gíslason var kosinn formaður ráðsins árið 1966. Hann fæddist 5. mars árið 1909. Hann var sonur fyrsta formanns ráðsins, Garðars Gíslasonar. Eftir nám hóf hann störf við fyrirtæki föður síns en árið 1941 stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki. Hann var formaður Félags íslenskra stórkaupmanna og sat í stjórnnum ýmissa félaga, m.a. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Kristján sat einnig í samninganefndum um utanríkisviðskipti, m.a. við Vestur-Þýskaland og Tékkóslóvakíu. Kristján starfaði sem formaður ráðsins til ársins 1968.



Árið 1968 var **Haraldur Sveinsson** kosinn formaður ráðsins. Hann fæddist 15. júní árið 1925. Eftir nám hóf Haraldur störf hjá timburversluninni Völundi. Hann varð síðar framkvæmdastjóri þeirrar verslunar en tók svo við sem framkvæmdastjóri Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins, árið 1968. Haraldur gegndi fleiri trúnaðarstörfum en formennsku í Viðskiptaráði, en hann sat m.a. í sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands og var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs blaðamanna um árabíl. Haraldur var formaður ráðsins til 1970.



Hjörtur Hjartarson tók við formannsembættinu árið 1970. Hjörtur fæddist 6. apríl árið 1915. Hjörtur hóf störf við fyrirtækið J. Þorláksson & Norðmann árið 1939 en hafði áður starfað sem blaðamaður við dagblaðið Vísi. Hjörtur tók síðar við starfi framkvæmdastjóra J. Þorláksson og sat í stjórn fyrirtækisins til ársins 1990. Hjörtur gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum og var m.a. í stjórn og framkvæmdastjórn Krabbameinsfélags Íslands í þrjá og hálfan áratug. Hjörtur var einn aðallhvatamaður þess að Hús Verslunarinnar, núverandi húsakynni ráðsins, var byggt og var formaður bygginganefndar hússins. Hjörtur lét af formennsku ráðsins árið 1974.



Gísli V. Einarsson var kosinn formaður ráðsins árið 1974. Hann fæddist 14. júní árið 1931. Gísli var tengdasonur Eggerts Kristjánssonar fyrrverandi formanns ráðsins. Eftir nám í Danmörku og Bandaríkjunum starfaði Gísli víða. Hann tók við stöðu framkvæmdastjóra Eggerts Kristjánssonar hf. árið 1966 og gegndi því starfi meðan hann sat sem formaður ráðsins. Síðar stofnaði Gísli fyrirtækið Mata hf. og starfaði sem forstjóri þess. Gísli gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum og var m.a. formaður skólanefndar Verzlunarskólans, í stjórn VSÍ og formaður bankaráðs Verzlunarbancans. Hann átti stóran hlut í sameiningu Verzlunarbancans við Útvegsbanka Íslands, Alþýðubankann og Iðnaðarbankann er þeir sameinuðust undir nafni Íslandsbanka. Gísli var formaður ráðsins til 1978.



Hjalti Geir Kristjánsson settist í formannsstólinn árið 1978. Hann fæddist 21. ágúst árið 1926. Hjalti starfaði lengst af við fyrirtækið Kristján Sigurgeirsson hf., sem hann tók við af föður sínum. Hann var ennfremur stjórnarformaður GKS um árabíl. Hjalti sinnti ýmsum trúnaðarstörfum á sínum ferli til viðbótar við aðild sína að ráðinu. Hann er stofnandi FHÍ, félags íslenskra húsgagnaarkitekta, og var formaður þess félags í um áratug. Hann var stjórnarformaður Almennra trygginga hf. í 15 ár og sat í stjórn Félags íslenskra iðnrekenda og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Hjalti Geir lét af störfum sem formaður ráðsins árið 1972.



Ragnar S. Halldórsson tók við formannsembættinu árið 1982. Hann fæddist 26. júní árið 1929. Ragnar starfaði við ýmis verkfræðistörf og var m.a. framkvæmdastjóri verkfræðideildar hjá varnarliðinu á Keflavíkurlflugvelli. Eftir að hafa starfað hjá svissneska álfyrirtækinu Alusuisse um tíma tók Ragnar við störfum sem forstjóri ÍSAL. Ragnar mótaði og lagði grunn að uppbyggingu og starfsháttum stóriðju á Íslandi enda álverið í Straumsvík hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Hann varð stjórnarformaður ÍSAL eftir að hann lét af störfum sem forstjóri og gegndi því starfi um árabíl. Ragnar var einn af stofnendum Alþjóðaviðskiptaráðsins árið 1993, og sat í stjórn þess í áratug. Hann lét af formannsembætti árið 1986.



Árið 1986 tók **Jóhann J. Ólafsson** við formennsku ráðsins. Hann er fæddur 8. apríl 1935. Jóhann tók við fyrirtækinu Jóhann Ólafsson & Co. af föður sínum. Faðir Jóhanns hafði áður setið í stjórn ráðsins. Jóhann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, en hann hefur m.a. setið í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna og í stjórn Félags íslenskra stórkaupmanna. Hann var ennfremur í stjórn Húss Verslunarinnar og formaður stjórnar frá 1983. Jóhann var formaður ráðsins í sex ár og lét af embætti árið 1992.




Einar Sveinsson tók við formannsembættinu árið 1992. Hann fæddist 3. apríl árið 1948. Einar starfaði um árabil hjá tryggingafélaginu Sjóvá-Almennar hf. Þar hóf hann störf sem skrifstofumaður, varð síðar deildarstjóri og að lokum framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Einar sat um árabil í stjórn Glitnis (áður Íslandsbanki) og var stjórnarformaður bankans um langt skeið. Einar hefur gegnt fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum. Hann hefur m.a. setið í stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga og í framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins (sem og framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands).

Einar er ennfremur núverandi formaður landsnefndar Alþjóða viðskiptaráðsins (ICC). Hann lét af formennsku sinni fyrir ráðið árið 1996.



Árið 1996 var **Kolbeinn Kristinsson** kosinn formaður ráðsins. Kolbeinn fæddist 11. nóvember árið 1952. Hann kom víða við áður en hann hóf störf sem framkvæmdastjóri Brauðs hf., sem síðar varð Myllan-Brauð en þar tók Kolbeinn við forstjórastarfinu. Hann hefur takið að sér ýmis trúnaðarstörf fyrir verslunarmenn en hann var m.a. í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna um árabil. Kolbeinn var ennfremur formaður Sjálfseignarstofnunar Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun eftir að hann lét af störfum sem formaður VÍ árið 2000.

38



Bogi Pálsson tók við embætti formanns árið 2000. Hann fæddist 6. desember árið 1962. Bogi var framkvæmdastjóri P. Samúelsson er hann tók við formannsembættinu, en fyrirtækið hafði umboð fyrir Toyota og Lexus bifreiðar. Bogi er nú stjórnarformaður Flögu Group auk þess að vera stjórnarformaður og aðaleigandi Eignarhaldsfélagsins Stofns. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum og var m.a. formaður Bílgreinasambandsins í nokkur ár. Bogi var formaður ráðsins til ársins 2004.



Jón Karl Ólafsson settist í formannsstólinn árið 2004. Jón Karl er fæddur 12. september árið 1958. Jón Karl hóf störf hjá Flugleiðum árið 1983 og hefur starfað innan þeirrar fyrirtækjasamsteypu æ síðan. Árið 1999 tók Jón Karl við störfum sem forstjóri Flugfélags Íslands og sex árum síðar gerðist hann forstjóri Icelandair Group. Jón Karl hefur sinnt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum og er m.a. núverandi formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. Í formannstið Jóns Karls skipti ráðið um nafn, en það breyttist úr Verzlunarráði Íslands yfir í Viðskiptaráð Íslands. Nýtt nafn þótti endurspegla betur mikla fjölbreytni þeirra fyrirtækja er eiga aðild að Viðskiptaráði. Jón Karl var formaður ráðsins til 2006.

HJÓNIN FRÁ ÞVERÁ

Viðskiptaráð Íslands hefur átt marga velvildarmenn í gegnum tíðina. Þannig hafa ýmsir einstaklingar lagt lóð sín á vogarskálarnar í störfum ráðsins, bæði með beinum og óbeinum hætti. Það er þó óhætt að segja að enginn hafi gengið lengra í þeim efnum en Páll Stefánsson frá Þverá í Aðaldal og kona hans, Hallfríður Proppé.

Í janúar árið 1953 var Eggerti Kristjánssyni, þáverandi formanni ráðsins, skýrt frá því að þau hjónin hefðu ákveðið að ánafna Verzlunarráði allar eigur sínar eftir sinn dag.

Í erfðaskrá hjónanna kom fram að allar skuldlausar eignir dánarbúsins skyldu ganga til ráðsins og með fjármununum yrði stofnaður sjóður er nefnist Sjóður Friðu Proppé og P. Stefánssonar frá Þverá. Tilgangur sjóðsins er að efla hag íslenskrar viðskiptastéttar, vernda rétt hennar, efla frjáls viðskipti og vinna gegn hvers konar ófrelsi, ríkiseinkasölu og sérréttindum einstakra fyrirtækja. Úr sjóðnum er árlega veittur námsstyrkur, með því skilyrði að Viðskiptaráð leggi fram annan jafnan styrk úr eigin sjóðum. Styrkjunum er ætlað að efla íslenskt viðskiptalíf og eru veittir nemendum er stunda framhaldsnám erlendis.

Þá kemur einnig fram í erfðaskránni að leggist ráðið niður vegna pólitísku ofbeldis og kúgunar eða af öðrum ástæðum, svo sem þeim að öll verslun í landinu verði einokun ríkis eða samvinnufélags, þannig að frjáls verslun líði undir lok, skuli sjóðurinn falla til handa búnaðardeild Háskólans og Búnaðarháskóla Íslands.



PÁLL STEFÁNSSON



HALLFRÍÐUR PROPPÉ

Páll fæddist að Þverá í Laxárdal árið 1869, en hann fluttist til Reykjavíkur 25 ára að aldri. Hann starfaði fyrst við Thomsen magasin, en stofnaði síðan heildverslunina P. Stefánsson eftir fyrri heimstyrjöldina. Frá árinu 1920 rak hann verslun með bíla og bílahluti og var sú verslun fyrsta sinnar tegundar á landinu. Páll var kvæntur Fríðu Proppé Stefánsson, dóttur Claus E.D. Proppé, sem var fyrsti bakameistari Hafnarfjarðar. Páll Stefánsson lést þann 26. ágúst 1952.

Um miðjan sjötta áratuginn keypti ráðið húseign þeirra hjóna við Laufásveg 36 og varð andvirði hússins stofnfé minningarsjóðs Fríðu og Páls. Ráðið flutti síðan skrifstofur sínar þangað árið 1962. Var húsið innréttað og því breytt á ýmsan hátt og voru þar auk skrifstofunnar, bókasafn og samkomu- og fundarsalur. Fríða Proppé bjó á efri hæð hússins þar til hún andaðist um vorið 1965. Skrifstofur ráðsins voru á Þverá allt þar til húseignin var seld við fjármögnun á Húsi Verslunarinnar, sem nú hýsir skrifstofur Viðskiptaráðs.



HÚSEIGN PEIRRA HJÓNA Á LAUFÁSVEGI

BAKHJARL MENNTUNAR

Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk. Alþjóðavæðing atvinnulífsins gerir það að verkum að fyrirtækin búa við meiri samkeppni en áður og ný tækni og meira flæði upplýsinga leiða til þess að kröfur til starfsfólks aukast stöðugt. Til að mæta þessari spurn eftir vel menntuðu og hæfu starfsfólki er mikilvægt fyrir atvinnulífið að taka virkan þátt í uppbyggingu menntunar. Þetta er hlutverk sem Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) er ætlað að sinna. Í dag rekur SVÍV Verzlunarskóla Íslands auk þess sem stofnunin á stærstan hluta í Háskólanum í Reykjavík.

Verzlunarskóli Íslands

Verzlunarskólinn tók til starfa haustið 1905. Þeir aðilar sem stofnuðu skólann voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannaráð Reykjavíkur. Skólinn var stofnaður með það að markmiði að auðvelda mönnum að afla sér menntunar á verslunarsviði. Þegar Verzlunarráð var stofnað tók ráðið yfir rekstur skólans og hefur haft umsjón með honum alla tíð síðan.

Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá stofnun skólans hefur margt breyst. Nemendafjöldi hefur margfaldast og námsframboð orðið fjölbreyttara með hverjum áratuginum sem liðið hefur. Má því segja að Verzlunarskólinn hafi á þessum hundrað árum viðhaldið þeim sérkennum sínum að vera framsækinn skóli sem jafnan hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám sem svarar kröfum síns tíma.



Háskólinn í Reykjavík

SVÍV stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík sem að grunni til var byggður á áratuga reynslu og frábærum árangri Verzlunarskóla Íslands. Skólinn hefur nú starfað í nærri áratug við vaxandi orðspor. Hann hefur tekið miklum breytingum frá þeim tíma, en stærsta skrefið var vafalaust sameining hans við Tækniháskóla Íslands. Öflugur nýr og sameinaður háskóli, Háskólinn í Reykjavík, býður nú upp á vandað og fjölbreytt nám á mörgum sviðum. Skólinn opnar ótal spennandi tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til að mæta breyttum tímum og styrkir innviði og samkeppnishæfni íslensks hagkerfis.

Á árunum 2009-2010 mun Háskólinn í Reykjavík opna nýtt stórglæsilegt 35.000 fermetra húsnæði við rætur Öskjuhlíðar upp af Nauthólsvík. Hið nýja húsnæði verður táknmynd þeirra máttarstólpa er skólinn byggir á en þeir samanstanda af alþjóðlegum kröftum, þvegfaglegri tækni, framsækni, sköpunargleði og frelsi. Þannig mun húsnæðið endurspeglar hlutverk HR sem er miðlun og sköpun þekkingar. Með því er ætlunin að bæta hæfni og lífsgæði einstaklinga, samkeppnisstöðu fyrirtækja og velsæld þjóðarinnar í heild.

Snemma árs lét Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir af störfum sem rektor HR. Hún hafði gegnt því embætti frá stofnun skólans og stýrt því mikla uppbyggingarstarfi sem þar fór fram. Guðfinna á hrós skilið fyrir störf sín og hefur hún markað djúp spor í sögu skólans með framlagi sínu. Við tekur nýtt tímabil í sögu skólans og nú hefur Dr. Svafa Grönfeldt tekið við starfi rektors. Það er ljóst að framtíð skólans er björt og gaman verður að fylgjast með áframhaldandi uppbyggingu og alþjóðavæðingu Háskólans í Reykjavík.





VÍÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS